

Nr. 5/1895:

Jón Bergsson  
 gegn  
 sjera Magnúsi Blöndal Jónssyni.

## Dómur:

Í máli nokkru, sem Jón bóndi Bergsson á Egilstöðum höfðaði fyrir aukarjetti Suður-Múlasýslu gegn sjera Magnúsi Jónssyni Blöndal á Vallanesi út af prests- og kirkjugjöldum, er sjera Magnús krafði Jón Bergsson um, kvað sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu hinn 13. ágúst 1894 upp dóm, og er dómsniðurlagið svo hljóðandi:

»Jón Bergsson á Egilsstöðum (D: stefnandinn) á að borga öll venjuleg prests- og kirkjugjöld til Vallanesskirkju fyrir umliðin ár, sem enn eru ógreidd af honum, og allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með 38 kr. til sjera Magnúsar Bl. Jónssonar á Vallanesi og til sýslumanns eptir úrskurðuðum reikningi. — Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum«.

Dómi þessum hefur Jón Bergsson skotið til yfirdómsins með stefnu, út gefinni 6. febr. þ. á., en dómurinn í heild sinni er svo óákveðinn, þar sem eigi eru tilgreindar upphæðir þær, er greiða skal, nje heldur neinn áreiðanlegur mælikvarði, er megi reikna þær eptir, að hann verður að teljast óendanlegur samkvæmt N. L. 1—5—12, og verður að fella hann úr gildi sem lögleysu. Með því að hjeradsdómaranum hefur eigi verið stefnt til að ábyrgjast dóm sinn, verður málskostnaður að falla niður. Að því leyti málið hefur verið

gjafsóknarmál í hjerði og fyrir yfirdómi vottast, að það hefur fyrir báðum rjettum verið varið for-svaranlega. Hinum skipaða talsmanni hins stefnda fyrir yfirdóminum verða eigi eptir úrslitum máls-ins dæmd nein málflytningu-laun.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur.  
Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 21. októbermánaðar.

Nr. 9/1895:

Arnljótur prestur Ólafsson  
gegn

Ólafi presti Petersen.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjerði af Ólafi Peter-sen presti að Svalbarði gegn Arnljóti Ólafssyni presti að Sauðanesi út af skuld, er hann taldi til hjá sjera Arnljóti fyrir prestsþjónustu í Sauðanes-prestakalli fardagaárið 1889—90, að upphæð kr. 365,28. Var það dæmt í aukarjetti Þingeyjarsýslu 15. septbr. f. á. með þeim úrslitum, að sjera Arn-ljóti Ólafssyni var gjört að greiða Ólafi presti Pet-ersen 365 kr. 28 a. með 5 % vöxtum frá 21. júní f. á. til þess greitt er, svo og allan af málinu lög-lega leiðandi kostnað.

Þessum dómi og úrskurði, er kveðinn var upp undir rekstri málsins 24. júlí f. á., hefur Arnljótur